

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2012-2013

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík föstudaginn 7. desember kl. 15:00. Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Friðrik Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

1. Starfs- og rekstraráætlun 2013

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir 2013. Í starfsáætluninni eru forsendur og umgjörð starfseminnar greind og sett fram áætlun um ráðstöfun mannafla félagsins til þeirra verkefna sem skilgreint er að vinna á árinu. Í samræmi við starfsáætlun er umfang rekstraráætlunar svo til óbreytt á milli ára að tekni tilliti til verðlagsbreytinga. Gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélaganna lækki lítilsháttar frá yfirstandandi ári og verði samtals 13,7 mkr. sem skiptist á milli þeirra skv. íbúatölu 1. des. 2011.

Að umræðu lokinni voru starfsáætlun og rekstraráætlun samþykktar eins og þær voru kynntar. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að senda þær til sveitarfélaganna með ósk um afgreiðslu rekstrarframlaga skv. rekstraráætlun.

2. Erindi Byggðastofnunar v/ forkaupsréttar hlutabréfa í félaginu

Fyrir liggur erindi frá Byggðastofnun dags. 25. okt. sl. þar sem tilkynnt er að stofnuninni hafi borist tilboð í 1,5% eignarhlut sinn í félaginu sem að nafnvirði er kr. 159.280,- á genginu 0,62782521 frá Arctic Edge Consulting ehf. Er óskað eftir að félagið falli frá forkaupsrétti sínum að umræddu hlutafé sbr. 7. gr. samþykka félagsins.

Friðrik Sigurðsson gerði grein fyrir vanhæfi sínu við afgreiðslu málsins sem eigandi að Arctic Edge Consulting ehf. og vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Stjórnin samþykkir að félagið falli frá forkaupsrétti sínum að umræddu hlutafé sbr. 7. gr. samþykka félagsins.

3. Málefni Málmíss ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samningum um innkomu félagsins NAMA í dótturfélag Málmíss ehf., Melmi ehf., gegn 3,75 m USD framlagi til gull og málmleitar skv. ákvæðum gildandi leyfa Melmis ehf. þar um.

Einnig gerði framkvæmdastjóri grein fyrir viðræðum við NMÍ og kröfuhafa Málmíss ehf. um breytt eignarhald félagsins þar sem kröfum yrði breytt í hlutafé og innbyrðis eignarhlutföll NMÍ og AP beyttust þess vegna og vegna vinnuframlags NMÍ til verkefna Málmíss ehf.

Stjórnin fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og mun taka afstöðu til þess þegar endanlegar tillögur um eignarhlutföll liggja fyrir.

4. Ráðningarbréf endurskoðanda

Lagt fram ráðningarbréf endurskoðanda frá PricewaterhouseCoopers ehf. Framkvæmdastjóra falið að árita bréfið f.h. félagsins.

5. Önnur mál

- a) Með vísan til fundargerðar 28. ágúst sl. er framkvæmdastjóra falið að skoða forsendur þess að félagið útvisti gerð og sölu göngukorta sem það hefur annast undanfarin ár.
- b) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefni sem unnið er að með Norðurþingi og Byggðastofnun undir forystu stofnunarinnar, að atvinnu- og byggðamálum á Raufarhöfn.
- c) Stjórnin staðfestir áður tekna ákvörðun með tölvupóstsamskiptum um þátttöku félagsins í Mýsköpun ehf. með hlutafjarframlagi að upphæð kr. 1.000.000,-
- d) Stjórnin staðfestir þátttöku félagsins í fjórum IPA verkefnisumsóknum sem stjórnarmenn samþykktu í tölvupóstum 28. nóv. sl. en umsóknarfrestur rann út þann 30. nóv.
- e) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi bók sem gefin var út í tengslum við jólasveinaverkefnið í Dimmuborgum. Héraðsnefnd Þingeyinga gékkst í ábyrgð vegna málsins með bókun 21. september 2010. Fyrir liggur að ganga til uppgjors þeirrar ábyrgðar og hefur nefndin þegar hafið vinnu við það.
- f) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því óskað hefði verið eftir því af hendi Eyþings að félagið tæki að sér vinnu á starfssvæði félagsins vegna gerðar sóknaráætlunar landshlutans.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15